

Stjórnarfundur Klifurfélags Reykjavíkur

Klifurhúsinu, Ármúla 21

Dags: 06.2.2023 kl.20.15

Fundur númer: 208

Mætt: Hilmar (formaður), Ágústa (aðalmenn), Sigtryggur (aðalmenn), Anita (varamaður), Benjamin (framkvæmdastjóri), Emil Bjartur (varamaður), Marínó (aðalmenn) og Þura (rekstrarstjóri). Vantar: Valdimar (aðalmenn).

Dagskrá

1. **Aðalfundur**
2. **Þing ÍBR**
3. **Fyrirmyndarfélag**
4. **Annað**

1. **Aðalfundur**

Ákveðið að halda aðalfund föstudaginn 24.mars kl.18, hægt væri að hafa fundinn í nýju húsnæði, Ármúla 21. Kosið verður um 2 stjórnarmeðlimi og 2 varamenn, Þura sér um að auglýsa með minnst 2ja vikna fyrirvara, mest 4 vikna.

2. **Þing ÍBR**

Þing ÍBR verður haldið 23.mars næstkomandi, kl.16. Klifurfélag Reykjavíkur getur sent 4 fulltrúa og farið með 8 atkvæði á þinginu. Allir innan stjórnar, framkvæmdarstjóri og rekstrarstjóri hafa áhuga á að fara, ákvörðun um hverjir munu fara verður tekin ca viku áður en þingið er haldið.

3. **Fyrirmyndarfélag**

Búið er að gera margt af því sem er á listanum yfir það sem þarf að vera til staðar til að geta sótt um það að vera fyrirmyndarfélag, nokkrir hlutir eru enn eftir. Stefnt er á að klára það á árinu.

4. **Annað**

Rætt um markaðsetningu fyrir nýja klifurrýmið og póst frá ÍBR, listi yfir það sem þarf að vera til staðar og partur af því aðgengilegt á heimasíðu.

Fundi lokið kl. 22.00

Fundaritari: Anita